

AUGLÝSING

um breytingu á alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis.

Hinn 6. mars 2001 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytingar á alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis frá 7. mars 1966, sem gerð var í New York 15. janúar 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1968, þar sem samningurinn er birtur, 17/1969, 20/1981 og 24/1982. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 14. mars 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

BREYTING

á alþjóðasamningi um afnám alls
kynþáttamisréttis sem samþykkt var á
ráðstefnu aðildarríkjanna 15. janúar 1992.

Í stað 6. mgr. 8. gr. samningsins komi:
„Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá nefndinni samkvæmt samningnum fyrir nauðsynlegu starfsfólki og aðbúnaði til þess að hún geti innt störf sín af hendi á skilvirkan hátt.“

Ný málsgrein, 7. mgr., bætist við 8. gr.:
„Meðlimir nefndarinnar, sem samningur þessi kemur á fót, skulu, að fengnu samþykki allsherjarþingsins, fá greiðslur úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið getur sett.“

AMENDMENT

to the Convention on the Elimination of All
Forms of Racial Discrimination adopted at
the Conference of the States Parties on 15
January 1992

Replace paragraph 6 of article 8 of the Convention with the paragraph “The Secretary-General of the United Nations shall provide the necessary staff and facilities for the effective performance of the functions of the Committee under the Convention.”

Add a new paragraph, as article 8, paragraph 7, “The members of the Committee established under the present Convention shall, with the approval of the General Assembly, receive emoluments from United Nations resources on such terms and conditions as the General Assembly may decide.”